

GJALDSKRÁ

vegna kostnaðar við skipulagsvinnu, stofnun lóða, byggingarreita og útgáfu framkvæmdaleyfa í Skagafirði.

1. gr.

Almenn heimild.

Gjaldtaka vegna framkvæmdaleyfa og vinnu við skipulagsáætlanir byggir á skipulagslögum nr. 123/2010.

Gjaldi vegna framkvæmdaleyfa og vinnu við skipulagsáætlanir skal varið til að standa straum af kostnaði sveitarfélagsins við útgáfu framkvæmdaleyfa, gerð skipulagsáætlana, breytingu á þeim, kynningu og auglýsingu.

Gjaldskráin byggir á þeirri grunnreglu að aðili sem óskar eftir vinnu við gerð skipulagsáætlana, þ.m.t. breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi, og eftir atvikum vinnu við svæðisskipulag og/eða framkvæmdaleyfi, skuli greiða þann kostnað sem breytingin eða önnur vinna hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, ritun nýrra greinargerða og breytingu á þeim, auglýsinga og kynninga vegna málsins og alls undirbúnings slíkra skjala, þ.m.t. vegna nauðsynlegs umhverfismats áætlana og vegna samskipta við skipulagsyfirköld, úrskurðaraðila og dómstóla. Til slíks kostnaðar telst kostnaður vegna vinnu starfsmanna sveitarfélagsins og hvers konar útlagður kostnaður, þ.m.t. vegna aðkeyprar þjónustu. Sveitarstjórn getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari taka breytingum 1. dag janúarmánaðar hvers árs í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu (grunnur 2010). Grunnvísitalan í október 2023 er 115,7 stig.

2. gr.

Skipulags-, leyfis- og þjónustugjöld.

Vegna vinnu eða aðkeyprar þjónustu við skipulagsáætlun eða breytingar á henni, eða vegna framkvæmdaleyfa og/eða vegna annarrar þjónustu skipulagsfulltrúa, annarra starfsmanna sveitarfélagsins sem óskað er eftir, skal greiða gjöld, sem gjaldskrá þessi kveður á um.

Fyrir afgreiðslu umsóknar hjá embættinu, sbr. 3. og 4. mgr. skal umsækjandi greiða kr. 30.000.

Gjald fyrir skipulagsvinnu, umsýslu o.fl.: Landeigandi eða framkvæmdaraðili getur óskað eftir því við sveitarstjórn að hún vinni að gerð skipulagsáætlunar, eða breytingu á henni á sinn kostnað. Fyrir slíka vinnu og afgreiðslu hennar í framhaldinu skal greiða eftirfarandi gjöld:

<i>Aðalskipulagsbreyting skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010</i>	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Auglýsingakostnaður	kr. 299.000
<i>Óveruleg breyting á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010</i>	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Auglýsingakostnaður	kr. 119.500
<i>Nýtt deiliskipulag skv. 37.–42. gr skipulagslaga nr. 123/2010</i>	
Vinnsla tillögu	skv. reikningi
Auglýsingakostnaður	kr. 178.500
<i>Nýtt deiliskipulag skv. 37.–42. gr. án lýsingar og kynningar skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010</i>	
Vinnsla tillögu	skv. reikningi
Auglýsingakostnaður	kr. 149.500
<i>Breyting á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010</i>	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi

Auglýsingakostnaður	kr. 119.500
<i>Óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. með grenndarkynningu</i>	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Auglýsingakostnaður:	kr. 89.500
<i>Óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. án grenndarkynningar</i>	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Auglýsingakostnaður	kr. 54.000
<i>Grenndarkynning byggingar- eða framkvæmdaleyfis skv. 44. gr.</i>	
Afgreiðslu- og auglýsingarkostnaður	kr. 48.000
<i>Breyting á gildandi lóðarblaði/landsstærð</i>	
Vinnsla tillögu	skv. reikningi
Umsýslukostnaður	kr. 36.500
<i>Málsmeðferð stakra framkvæmda skv. 1. tl. ákvæða til bráðabirgða</i>	
Vinnsla tillögu	skv. reikningi
Umsýslukostnaður	kr. 36.500
<i>Gjald vegna framkvæmdaleyfis o.fl.</i>	
Almennt afgreiðslugjald	kr. 33.500
Framkvæmdaleyfisgjald skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	kr. 125.500
Framkvæmdaleyfisgjald skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	kr. 179.500
Framkvæmdaleyfi, umfangsmiklar framkvæmdir	skv. reikningi
Framkvæmdaleyfi „minniháttar framkvæmdir“	kr. 30.500
<i>Umsókn um stofnun á byggingarreit</i>	
Vinnsla tillögu	skv. reikningi
Afgreiðslugjald	kr. 30.500
<i>Umsóknir um stofnun lands og lóða</i>	
Vinnsla tillögu	skv. reikningi
Afgreiðslugjald	kr. 42.000
<i>Breyting á skráningu fasteigna/lóða/landeigna hjá Þjóðskrá Íslands</i>	
Vinnsla tillögu	
Afgreiðslugjald	kr. 30.500
Gjald fyrir lóðarúthlutun vegna íbúðarhúsa/frístundahúsa og fyrir úthlutun annarra lóða og lendna, þ.m.t. fyrir atvinnustarfsemi	kr. 72.000
Gjald fyrir úthlutun þróunarreita/þróunarsvæða, til þess að mæta kostnaði við sammingsgerð, vinnu starfsmanna og ráðgjafa vegna skipulags og lóðaúthlutunar, viðkomandi reits/svæðis, sem og aðra nauðsynlega umsýslu	Ákveðið í úthlutunarskilmálum skv. ákvörðun byggðarráðs
Fyrir breytingu á lóðarleigusamningi	kr. 30.500
<i>Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs</i>	
Vinnsla tillögu	skv. reikningi
Afgreiðslugjald	kr. 30.500

Gjald skv. framangreindu er viðmiðunargjald. Ef kostnaður sveitarfélagsins vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða annarra starfsmanna sveitarfélagsins eða annar áfallinn kostnaður, þ.m.t. vegna aðkeyprtar þjónustu, er umfram viðmiðunargjald skv. þessari gjaldskrá, vegna umfangs verksins, eða hversu það er flókið, s.s. við umfangsmeiri skipulagsvinnu og skipulagsvinnu vegna umhverfismatskyldra framkvæmda eða umfangsmikilla samskiptia við skipulagsyfirkvöld, úrskurðaraðila og dómstóla, er heimilt að leggja á til viðbótar gjaldi skv. 1. mgr. þessarar greinar, tímargjald skipulagsfulltrúa sem er 20.600 kr./klst. Sé um að ræða kostnað vegna aðkeyprtar þjónustu sem nauðsynleg er vegna verksins skal greiða gjald skv. greiddum reikningi viðkomandi aðila.

3. gr.

Gjöld skv. þessari gjaldskrá falla í gjalddaga tveimur vikum eftir að sveitarstjórn hefur tilkynnt umsækjanda um að ákveðið hafi verið að hefja þá vinnu sem óskað er eftir að unnin verði. Gjald skv. 2. og 3. másl. 5. mgr. 2. gr. falla þó í gjalddaga hálfum mánuði eftir að sveitarfélagið hefur krafist umsækjanda um endurgreiðslu á þeim kostnaði sem þar um ræðir.

Samþykki við því að hefja þá vinnu sem vísað er til í þessari gjaldskrá felur ekki í sér vilyrði fyrir eða samþykki við því að viðkomandi skipulagsáætlun taki gildi eða að viðkomandi leyfi verði veitt. Sveitarfélagið getur stöðvað umbeðna skipulagsvinnu sé gjald vegna hennar í vanskilum.

Almennt afgreiðslugjald og gjald fyrir lóðarúthlutun eru óafturkræf. Reynist endanlegur kostnaður, sem fellur á sveitarfélagið af skipulagsvinnu eða vegna framkvæmdaleyfis, minni en þau gjöld sem greidd hafa verið vegna viðkomandi vinnu í heildina, skal mismunur endurgreiddur umsækjanda.

4. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að gera samning við umsækjanda sem vikor frá ákvæðum þessarar gjaldskrár, enda miði samningurinn að því að raunverulegur kostnaður vegna skipulagsvinnu og vegna útgáfu framkvæmdaleyfis sé að fullu greiddur.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar 27. nóvember 2024, er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1619/2023.

Sauðárkróki, 29. nóvember 2024.

Sigfús Ingi Sigfússon sveitarstjóri.